

5. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

(Lagt fyrir aukafing 1933).

1. gr.

Lög nr. 81, 19. júní 1933, um framlenging á gildi laga um verðtoll, eru úr gildi numin frá 12. september 1933 að telja.

2. gr.

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, með þeim breytingum, sem leiða af lögum nr. 11, 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir:

Við athugun á lögum um framlenging á gildi laga um verðtoll, nr. 81, 19. júní 1933, kom í ljós, að nokkur vafi gat leikið á um, hvort lög þessi framlengdu verðtollslögin óbreytt eða með breytingum, sem á urðu við gildistöku laga um bráðabirgðaverðtoll nr. 11, 2. júní 1933. Voru því gefin út bráðabirgðalög um þetta 3. okt. s. l., og er frumvarp þetta lagt fyrir alþingi, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.